
Endur-nýjun eldri hverfa

SKIPULAGSNEFND Reykjavíkur hefur afgreitt tillögur að aðalskipulagi fyrir borgina til ársins 1995, en Þróunarstofnun Reykjavíkur hefur á undanförnum árum unnið að endurskoðun á aðalskipulaginu, sem gert var 1962 og skipulagsnefnd fjallað um það lið fyrir lið. Nú verður sá háttur á hafður, að tillögur skipulagsnefndar verða kynntar almenningi með sýningu á Kjarvalsstöðum, áður en þær verða teknar til meðferðar og samþykktar í borgarstjórn. Og þar geta borgarbúar nú séð þær.

Endurnýjun eldri hverfa er stór liður í þessari skipulagsvinnu. Í nýju tillögunum er gert ráð fyrir að miðborginni sé skipti í 3 meginsvæði, þ.e. svokölluð framkvæmdasvæði, endurnýjunarsvæði og verndunarsvæði. En á þeim hluta miðborgarinnar, sem fellur utan þessara svæða er ætlazt til að uppbygging fari fram á venjulegan hátt, þ.e. samkvæmt reglum um landnotkun, nýtingu og hámarkshæðir bygginga. Um Grjótaþorp, sem fellur undir skilgreininguna um endurnýjunarsvæði, hefur skipulagsnefnd gert sérstaka bókun. Þar er gert ráð fyrir að verulegar umbætur verði á núverandi mannvirkjum og umhverfi, en jafnframt að einstök hús í hverfinu falli undir hugtakið verndun mannvirkja og stefnt að því að varðveita hinar skemmtilegu og óvenjulegu götur. Rétt er að taka fram að aðalskipulag er rammaskipulag þar sem lagðar eru meginstefnur, en síðan er unnið nánar að ýmsum þáttum í deiliskipulagi.



Í tillögunni að endurnýjun eldri hverfa eru merkt framkvæmdasvæði (ljósgráu fletirnir), þar sem verði opinberar byggingar og fleira slíkt, T.d. frá Skúlagötu og upp að Lindargötu, en endurnýjunarsvæði er m.a. þaðan að Laugavegi. Verndunarsvæði (dökkgráu fletirnir) eru þarna merkt í hluta Þingholtanna, við Lokastíg, við Arnarhól, við Austurvöll. Kortið sýnir svæðið frá Aðalstræti inn að Hlemmi og upp á Skólavörðuholt.

Svæði það, sem hér um ræðir, afmarkast í stórum dráttum af Skúlagötu, Snorrabraut, Hringbraut, Tjarnargötu, Túngötu. Hefur teiknistofan Garðarsstræti 17 unnið þar að tillögum á svæðinu frá Aðalstræti austur að Hlemmi og frá sjó upp á Skólavörðuholt, og má á sýningunni sjá tillögurnar frá teiknistofunni.

GAMLI AUSTURBÆRINN

Svæðið við og upp af Skúlagötu er í skipulagstillögunum merkt framkvæmdasvæði. Í aðalskipulaginu frá 1962 var gert ráð fyrir því að þetta svæði yrði sem mest nýtt fyrir iðnað og þær opinberu stofnanir, sem þar voru fyrir. Nú er ætlunin að blanda þar saman miðbæjarstarfsemi og íbúðabyggð og að þeirri opinberu starfsemi, sem þar er, verði séð fyrir stækkunarmöguleikum. Í Arnarhvoli er nú þegar vísir að miðstöð fyrir æðstu stjórnsýslu og talið eðlilegt að væntanlegri aukningu á þessari stofnun og nýbyggingum ráðuneyta og skyldra stofnana verði beint að þeim stað, í stað þess að dreifast um alla Reykjavík, enda á ríkissjóður mikið af lóðum milli Skúlagötu og Lindargötu. Er því gert ráð fyrir talsverðu rými fyrir opinberar stofnanir upp af Skúlagötu vestanverðri. Við Skúlagötu gætu komið fleiri, svo sem hótel o.fl.

Milli Lindargötu og Hverfisgötu er aftur á móti endurnýjunarsvæði svokallað og gert ráð fyrir verulegu íbúðarhúsnæði í nokkuð þéttri byggð. En í tillögum er líka lögð áherzla á að mynduð verði sem bezt tengsli fyrir gangandi fólk milli framkvæmdasvæðisins niðri undir Skúlagötunni og miðbæjarsvæðisins og aðliggjandi hverfa með sérstökum gönguleiðum, aðskildum frá bifreiðaumferð. Á kortum á sýningunni má sjá hvernig markaðir hafa verið stígar milli húsanna upp brekkuna, sem með lýsingu og lítilli lagfæringu geta orðið hlýlegir. Ofan við Laugaveginn er svo að mestu komið hverfi þar sem ætlazt er til hægrar uppbyggingar með líku svipmóti og nú er. En stór hluti Þingholtanna er merktur á kortum verndunarsvæði, svo og svæðið kring um Austurvöll í gamla Miðbænum, Arnarhóll og upp fyrir Þjóðleikhús og Þjóðminjasafn, húsaþyrping við Lokastíg og Grjótaþorp, en um það er sérstök bókun, sem fyrr er sagt, enda verið að vinna á vegum minjavarðar Reykjavíkurborgar að úttekt á húsunum í Grjótaþorpi sem undirstaða fyrir verndun. Um verndunarsvæði er m.a. byggt á skýrslu Harðar Ágústssonar og Þorsteins Gunnarssonar.





Ekki hefur verið um samræmda uppbyggingu að ræða í gamla bænum að undanförnu. A þessum myndum má sjá hver breyting hefur orðið á tveimur stöðum frá 1967 til 1976.





SPORNAÐ GEGN FÓLKSFLÓTTA ÚR MIÐBORGINNI

Í samþykkt skipulagsnefndar frá 16. nóvember 1976 um endurnýjun eldri hverfa segir m.a.: „Í núgildandi aðalskipulagi var það meginsjónarmið um endurbyggingu ákveðið, bæði í Miðbænum og Austurbænum, að endurbyggingin fari fram smám saman, svo sem verið hefði. Ákveðið var og að halda niðri nýtingarhlutfallinu, þannig að unnt yrði að fullnægja sem mestum hluta af þörfinni á bifreiðastæðum, án þess þó að spilla borgarsvip þessara hverfa, er mótast nú af sambyggðum húsum.

Síðan núgildandi aðalskipulag Reykjavíkur var staðfest hefur ekki verið *um neina samræmda uppbyggingu* stærri svæða að ræða í gömlum hverfum borgarinnar, þrátt fyrir ýmsar tilraunir. Við svo búið má ekki standa, ef